

Fundargerð

26. fundur fræðslu- og menningarnefndar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði, miðvikudaginn
24.09.2008. kl. 20.00.

Mættir: Guðni Örn Hauksson, Jóhanna Sigríður Jónsdóttir, Steinunn Guðnadóttir, Ólöf Arnmundsdóttir,
Rósa Magnúsdóttir, María Guðmundsdóttir og Sólveig Óladóttir.

Guðni bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði.

María fór yfir starfsemina og það sem framundan er. María óskar eftir að fá að kaupa bækur á bókasafnið og óskar nefndin eftir að tillit verði tekið til bókasafnsins á Bakkafirði við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

2. Mál. Skýrsla skólastjóra Krakkakots.

Rósa kynnti skóladagatal 2008-2009. Fimm börn eru á leikskólanum og hefur fækkað um 1 síðan á síðasta ári. Haustþing var gagnlegt og fór fulltrúi leikskólans þangað. Leikskólastjóri óskar eftir fartölvu.

3. Mál. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

Steinunn kynnti skóladagatal Barnabóls 2008-2009. 32 börn eru á leikskólanum og von er á 2 í viðbót. Starfsemin er frábrugðin vegna fjarveru Steinunnar til loka nóvember.

4. Mál. Uppbyggingarstefnan.

Allir kennarar fóru á námskeið til Húsavíkur og er verið að undirbúa innleiðslu stefnunnar.

5. Mál. Styrkumsókn frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Ráðið hafnar þessari umsókn, en mælumst til að ef nemendur frá okkar skólum taka þátt verði þeir styrktir til þátttöku.

6. Mál. Styrkumsókn frá Vin Þorsteinsd. v/ þýðingar verkefni.

Umsókninni hafnað.

7. Mál. Fundir Menntamálaráðuneytisins og Samb.ísl. sveitarf. Um ný lög.

Guðni kynnti málið.

8. Mál. Erindi frá félagi tónlistarkennara.

Tilnefning í fagráð tónlistarskóla. Ráðið samþykkir að fresta tilnefningu þar til tónlistarskólinn tekur til starfa á ný.

9. Mál. Önnur mál.

Guðni formaður lagði fram eftirfarandi bókun. „Formaður hefur áhyggjur af því hvað erfitt er að koma á fundum undanfarin misseri með nægilega mörgum fulltrúum svo þeir verði löglegir. Kjörnir fulltrúar komast ekki á fundi af ýmsum , sjálfsagt fullgildum, ástæðum og er erfitt að sinna lögbundnum verkefnum ráðsins við núverandi ástand. Forsvarsmenn lista eru beðnir um að skoða þessi mál“. Ráðið leggur til að fastur fundartími verði 1. fimmtudag í mánuði og stefnt er að næsta fundi í nóv.

Meningarmál.

1. Samstarfsbeiðni frá Vopnafirði um landsbyggðartónleika. Ráðið mælir með samstarfi við vopnfirðinga um þessa tónleika.
2. Verkefni rithöfundakvöld, hugmyndir að fleiri málum. Málin rædd.

Fleira ekki tekið fyrir

Sólveig Óladóttir, ritari.